



Æskulýðsnefnd Rótarý starfsárið 2013 – 2014

Nefndin var þannig skipuð:

Hanna María Siggeirsdóttir formaður
Ásta Björg Björnsdóttir, ritari
Klara Lía Hervaldsdóttir
Una Eypórsdóttir
Kristján Leifsson,

Rkl. Reykjavík Miðborg
Rkl. Mosfellssveitar
Rkl. Görðum
Rkl. Reykjavík Austurbær
Rkl. E-Rótarý

18 nefndarfundir voru haldnir á starfsárinu. Fundir eru oftast haldnir í á mánudögum kl.17.15 á skrifstofu Rótarýumdæmisins.

2 stórir heils dags vinnufundir voru haldnir á starfsárinu. Ennfremur hittist æskulýðsnefndin og verðandi íslenskir skiptinemar 3svar til að undirbúa skiptinema árið í erlendu landi, ásamt því að hitta erlendu skiptinemana nokkrum sinnum yfir veturinn

Fimmta þjónustuleiðin

Lögð er áhersla á að rótarýklúbbar hafi ungmennþjónustunefnd sem eina af fastanefndum sínum. Hvetjum við í æskulýðnefndinni alla klúbba til að gefa íslenskum ungmennum tækifæri á að fara út í heim og víkka sjóndeildarhringinn og koma heim sem betri þegnar og sem Rótarýfélagar framtíðarinnar. Umdæmið hefur nú ákveðið að styrkja hvern klúbb, sem sendir skiptinema um 150.000 kr. Þannig að peningar ættu ekki að vera fjötrar í skiptinemastarfinu hjá fámennum klúbbum.

Rótarýhreyfingin hefur í vaxandi mæli lagt áherslu á ungmennastarf. Hún álítur það vera skyldu hvers félaga að aðstoða ungu kynslóðina, allt ungt fólk yngra en 30 ára, við að bæta hæfni sína, til að tryggja sér betri framtíð og jafnframt að átta sig á því hve fjölbreyttar og ólíkar þarfir fólks eru.

Skiptinemar

Þátttaka í ungmennaskiptum og æskulýðsstarfi er alþjóðlegt verkefni fyrir rótarýklúbba. Ef klúbbur sendir íslenskan skiptinema til ársdvalar þá þarf sá klúbbur að taka á móti erlendum skiptinema á sama tíma og útvega tvö til þrjú heimili þar sem skiptineminn mun dvelja. Erlendi skiptineminn er því „fósturbarn“ klúbbsins og á að taka þátt í rótarýstarfinu, mæta á fundi klúbbsins og einnig á árshátíð og ferðir klúbbsins, eftir því sem við á, til að kynnast félögum. Einnig er hvatt til þess að klúbbfélagar bjóði skiptinemanum heim til sín og/eða í fjölskylduferðir. (Hestar, skíða, fjallgöngur, sund o.fl.)

Umsóknarfrestur fyrir langtímadvöl (u.þ.b. 10 mánuðir) erlendis er 1. desember ár hvert.

Umsóknarfrestur fyrir ungt fólk sem vilja gerast skiptinemar næsta skólaár, þ.e.a.s. frá hausti 2015 til vors 2016, rennur út 1. desember 2014. Umsóknareyðublaðið er ekki lengur að finna á netinu og þarf að nálgast það annaðhvort hjá æskulýðsnefndinni eða hjá skrifstofu Rótarý. Allar upplýsingar um skiptinemastarfið má finna á netinu undir slóðinni: www.rotary.is/ungmennastarf.

Aðeins eitt íslenskt ungmenni fór á vegum rótarýumdæmisins til útlanda, sem skiptinemi nú í haust. Stúlka fór til USA. Hér á landi er núna ein stúlka sem skiptinemi og er hún frá USA.

Erlendu skiptinemar og móttökuklúbbar veturinn 2013-2014 eru:

Antoine Le Floch frá Frakklandi, (kt. 07.09.1997-), e-mail: antoinef.rugby@gmail.com, fór heim eftir vikudvöl. Rótarýklúbbur Kópavogs.

Daria Magdalena Wittwer frá Sviss, (kt. 170297-4589), e-mail: daria@hispeed.ch. Rótarýklúbbur Rvk Miðborg.

Mateo Sebastian Vintimilla Garate frá Ekvador, (kt. 23.03.1995) e-mail: mateo.sv@hotmail.com. Rótarýklúbburinn Görðum

Jessica Ruth Fleming frá USA (kt. 21.01.1997), e-mail: jessie.rfleming@gmail.com, Rótarýklúbburinn Hafnarfjarðar.

Íslenskir skiptinemar sem dvöldu erlendis veturinn 2013-2014 eru:

Benedikt Axel Ágústsson, e-mail: benni.axel@gmail.com, var í USA á vegum Rótarýklúbbs Kópavogs,

Jón Guðnason, e-mail: jon@gudnason.is, var í Frakklandi á vegum Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar,

Sindri Engilbertsson, e-mail: sindrie11@mr.is, fór til Sviss á vegum Rótarýklúbbsins Görðum,

Sólveig Erla Sigurðardóttir, e-mail: solveig.e.sig@gmail.com, var í Ekvador á vegum Rótarýklúbbs Rvk. Miðborg,

Sumarbúðir erlendis

Æskulýðsnefnd umdæmisins fær á hverju ári um 60-80 boð fyrir ungmenni í sumarþúðir í yfir þrjátíu löndum. Listinn er sendur öllum forsetum klúbba í byrjun mars ár hvert og einnig er hann að finna á heimasíðu Rótarý www.rotary.is. Oftast er einn þátttakandi frá hverju landi í hverjum þúðum og því er þetta frábær leið fyrir ungt fólk að kynnst öðru ungu fólki frá hinum ýmsu löndum. Í hverjum hópi eru frá 14-18 manns. Ungu fólkinu er boðið á rótarýfund þar sem það kynnir sig, afhendir og tekur við rótarýfána og segir frá hvaða landi það kemur. Í sumarþúðunum hafa oft myndast ævilöng kynni fólks. Síðastliðið sumar fóru 9 ungmenni á vegum rótarýklúbba í sumarþúðir erlendis.

Æskulýðsnefnd hvetur stjórnir klúbbanna sem sendu ungt fólk til lengri eða skemmri dvalar erlendis, til að bjóða þeim á fundi til sín til að segja frá upplifun sinni (hægt væri að tengja slíka heimsókn kynningu á æskulýðsstarfsemi Rótarý).

Family to family

Nú í sumar 2014 fór ekkert ungmenni frá Íslandi í þessi skammtímaskipti, en þetta er mjög sniðugt í skólafríum unglinganna.

EEMA

Alþjóðasamskipti nefndarinnar fara í gegnum EEMA samstarfið sem eru samtök æskulýðsnefnda Rótarýumdæma. Á hverju ári, kringum fyrstu helgina í september, er haldin ráðstefna þar sem fulltrúar æskulýðsnefndanna sem eru aðilar að EEMA hittast og bera saman bækur sínar. Í ágúst 2014 var EEMA ráðstefnan haldin í Osló í Noregi og sóttu þrjú fulltrúar æskulýðsnefndarinnar ráðstefnuna. Yfir 350 þátttakendur voru á þessari ráðstefnu.

Næstu EEMA ráðstefnur verða í eftirfarandi löndum: Tyrklandi 2015 og Finnlandi 2016.

Kynning á æskulýðsstarfi Rótarý.

Á hverju ári hefur einhver úr æskulýðsnefnd kynnt æskulýðsstarf Rótarý á PETS móti og formóti umdæmisþings. Klúbbar geta einnig nálgast kynningarefni um æskulýðsstarfið á skrifstofu rótarýumdæmisins og á heimasíðu Rótarý. Nefndarmenn æskulýðsnefndar hafa einnig heimsótt klúbba og kynnt hvað Rótarý hefur að bjóða ungu fólki. Á starfsárinu voru haldnar nokkrar kynningar.

Heimasíða

Á www.rotary.is má sjá fréttir af starfi æskulýðsnefndar undir liðnum „Ungmennastarf“.

Fréttabréf

Á hverju hausti, síðastliðin ár, hefur æskulýðsnefnd sent öllum formönnum rótarýklúbba fréttabréf með helstu upplýsingum um störf nefndarinnar. Þar er að finna upplýsingar er varðar starfsemi nefndarinnar.

Æskulýðsnefnd þakkar öllum þeim sem veitt hafa nefndinni aðstoð með einum eða öðrum hætti á liðnu starfsári.

Hanna María Siggeirsdóttir, formaður æskulýðsnefndar.

hanna@apotek.is

S. 893-3141